



GJÖF Í TILFNI AF 20 ÁRA AFMÆLI HA

Fyrir hönd brautskráðra nemenda og annarra velunnara færðu Góðvinir Háskólanum á Akureyri Nec Multeos 46" flatskjá á standi í afmælisgjöf haustið 2007. Gjöfin var vel þegin og hefur verið mikið notuð bæði af nemendum og starfsfólki.

MOLAR ÚR STARFI HÁSKÓLANS Á AKUREYRI ÁRIÐ 2007

- 20 ára afmæli Háskólans á Akureyri var fagnað, m.a. með ljósmyndasýningu, teiknisamkeppni og veislu. Skrifað var undir samninga við Glitni, Eimskip og KEA um samstarf á sviði málefna norðurskautssvæðisins, nýtt merki háskólans var kynnt, Háskólabandið gaf út geisladisk og glerlistaverk var afhjúpað á Borgum.
- Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og aðjúntk við kennaradeild HA, hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin 2007 fyrir bækurnar Njálu, Eglu og Laxdælu.
- Fjárveiting fékkst til að hefja framkvæmdir við IV áfanga á Sólborg.
- Innritað var í meistaranám í viðskiptafræði í fyrsta sinn. Í boði voru tvær áherslulínur - Alþjóðafjármál og bankastarfsemi og Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi.
- Ákveðið var að sameina kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild í hug- og félagsvísindadeild. Ný deild tekur til starfa 1. ágúst 2008.
- Kumpáni, félag nemenda í félagsvísinda- og lagadeild sigraði á Sprellmóttinu.
- Á ársfundi var skrifað undir nýjan samning við Menntamálaráðuneytið um rannsóknir og kennslu. Tilkynnt var að framlög frá Menntamálaráðuneytinu hækki um 75 milljónir króna á fjárlögum ársins 2008 og muni hækka um 100 milljónir króna á ári 2009 og 2010. Skrifað var undir samning við LÍÚ um styrk að upphæð 45 milljónir króna á næstu þremur árum til að efla nám og rannsóknir í sjávarútvegi. Framkvæmdastjóri tilkynnti að horfur í rekstri HA væru betri nú en síðustu ár
- Undirritaðir voru samningar um leigu á húsnæði í Borgum fyrir Þýðingarmiðstöð Íslands og fjárhagslegan og faglegan stuðning við meistaranám í heimskautarétti.
- Skrifað var undir samning um fjárhagslegan stuðning frá Flugfélagi Íslands, Raftækni og Landsbankanum við rannsóknarsjóð Háskólans á Akureyri.
- Skrifað var undir samning um styrk frá Glitni til Asíuvers Íslands - ASÍS, sem er samstarfsstofnun Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands um Asíufræði.
- Fimm milljónum króna var úthlutað til rannsókna við Háskólann á Akureyri úr Háskólasjóði KEA.
- Hugvit styrkti tvo nemendur í raunvísindum um 500.000 kr. hvorn.
- Skrifað var undir samning við VGK-Hönnun um samstarf á sviði Orkulíftækni.
- Skrifað var undir samning við Reykjaland um að efla kennslu og auka samstarf vegna rannsókna í endurhæfingu.
- Landsbankinn styrkti tvo nemendur sem brautskráðir voru úr viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði um 500.000 kr. hvorn.
- Skrifað var undir samstarfssamning við BioPol.

HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Heimasíða Góðvina er hluti af heimasíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er www.unak.is/godvinir. Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi samtakanna og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum.

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldi í Góðvini verða sendir í febrúar 2008. Upphæðin er 2.500 kr. fyrir almenna félagsmenn, en samkvæmt samkomulagi fyrir fyrirtæki/félagasamtök. Félagmenn sem brautskráðust vorið 2005 fá nú í fyrsta sinn sendan greiðsluseðil, en geta hafnað aðild að Góðvinum með því að senda tölvupóst á jonaj@unak.is með ósk um að greiðsluseðillinn verði felldur niður.

Bakhjarlar Góðvina eru:

